

Frumvarp að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2011

Síðari umræða 7. desember 2010.

Greinargerð bæjarstjóra

Umfjöllun.

Frumvarp til fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2011 var lagt fram til fyrri umræðu þann 1. desember s.l.

Starfsmenn bæjarins hafa nú tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu þar fram og lagfært önnur smávægileg atriði auk þess að útfæra nánar framkvæmda og fjárfestingaáætlun.

Yfirlit yfir allar þessar breytingar er að finna í gögnum sem fylgja fundarboði Bæjarstjórnar. Í skjali sem heitir **Rekstaráætlun, breyting á milli áætlana.**

Niðurstaða fjárhagsáætlunar.

Samandregið skila þessar breytingar rétt um 12 m.kr. betri niðurstöðu og er nú gert ráð fyrir að tap sveitarfélagsins á næsta ári verði 91,9 m.kr. Fyrst og fremst skýrist betri niðurstaða nú en í fyrri umræðu af leiðréttingum á villum frá fyrri umræðu. Handbært fé frá rekstri verður 226 m.kr., fjárfestingar 145 m.kr., afborganir langtímalána 316 m.kr. og nýjar lántökur 200 m.kr. Það er því gert ráð fyrir að greiða niður lán um 116 m.kr. og að handbært fé lækki um 35 m.kr.

Meðal helstu breytinga á milli áætlana eru:

Málaflokkur 04 - Fræðslumál

Hækkar um 8,5 m.kr.

M.a. minnka tekjur Grunnskóla Ísafjarðarbæjar um 2,1 m.kr. vegna þess að Námsgagnasjóður hefur verið lagður niður og leiðrétt hefur verið fyrir því. Skólaakstur hefur verið hækkaður í samræmi við nýjustu tölur um þá samninga sem gerðir hafa verið. Það hækkar skólaakstur um 1,2 m.kr. Ráðstefnur og námskeiðsgjöld hafa verið hækkuð í 600 þ.kr. úr 88 þ.kr. vegna metnar mikillar þarfar.

Einnig var ákveðið að hætta við niðurfellingu afsláttar af vistun 5 ára barna, 5,5 m.kr.

Málaflokkur 05 - Menningarmál

Lækkar lítilega eða um rúma 1 m.kr. Aðallega endurgreiðslur frá ríkissjóði hækkaðar um 1 m.kr.

Málaflokkur 06 - Æskulýðs- og Íþróttamál

Hækkar um 4,7 m.kr.

Þ.a. vinnuskóli um 1,5 m.kr. með fækkun flokkstjóra. Þar fyrir utan vantaði hluta af styrkjum sem falla undir HSV. Vegna breytingar á bókhaldi höfðu þeir verið fluttir á milli liða inn á HSV og féllu þeir niður við yfirferð. Þeir eru aftur settir inn og veldur það hækkun um 6,3 m.kr. Er þar um að ræða styrki s.s. styrks til Golfklúbbs Ísafjarðar vegna sláttar og þ.h. Allt styrkir sem áttu að vera inni en höfðu fallið niður vegna misskilnings.

Málaflokkur 21 – Sameiginlegir liðir

Lækkar um 9 m.kr.

M.a. kerfisfræðiaðstoð sem var ofreiknuð og lækkar liðin um 4,5 m.kr. Langtímaframlög lækka um 1,6 m.kr. vegna styrks til Náttúrustofu sem fallin er niður og önnur framlög hafa verið lækkuð um 1,3 m.kr. en þau voru ofreiknuð.

Málaflokkur 31 – Eignasjóður

Lækkar um 11 m.kr. vegna breytinga á afskriftum.

Málaflokkur 53 – Hlíf

Lækkar um 2,8 m.kr. Yfirvinnulaun felld niður sem skilar 1,4 m.kr. og íbúðir á Þingeyri lækkaðar um 1,5 m.kr.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir því að heildar fjárfesting nemi 145 m.kr. Þ.e. hlutur bæjarins í fjárfestingum en mótframlag frá Ríkissjóði er áætlað um 236 m.kr. Þar vega þungt framkvæmdir til Hafnarmannvirkja og Ofanflóðvarna. Sjá má yfirlit yfir þær fjárfestingar sem lagðar eru til í skjalinu **Fjárfestinga-, lán og afb. áætlanir**.

Vekja má athygli á því að meðal fjárfestinga er liðurinn Ísafjörður, Olíumúli, landfylling. Þar er að stærstu leiti um að ræða framúrkeyrslu á verki sem hafið er. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir því að hún lendi á sveitarsjóði að fullu en vonir standa til þess að Ríkissjóður komi til móts við okkur með 60% mótframlagi. Það myndi skila 25 m.kr. lækkun okkar hlutar.

10 m.kr. eru settar í nýtt hjúkrunarheimili en Bæjarstjórn hefur lagt mikla áherslu á að ná saman við Ríkissjóð um byggingu hjúkrunarheimilis.

8 m.kr. eru settar í endurbætur á þaki Hlífar, en það er áætlaður hlutur sveitarfélagsins í þeirri framkvæmd.

Jafnframt er lagt til að farið verið í framkvæmdir á Suðureyri vegna dýpkunar og endurbyggingu löndunarbryggu sem frestað hefur verið í mörg ár.

Sjóðstreymi.

Af teknu tilliti til ofangreindra breytinga hefur orðið sambærileg breyting á sjóðstreymi. Gert er ráð fyrir að lántökur verið 200 m.kr. sem mun minna en áætlaðar afborganir sem eru um 316 m.kr.